

samþykktina óbreytta, skal það tilkynnt atvinnumálaráðuneytinu, en það birtir hana síðan sem fiskiveiðasamþykkt. Ef sýslunefnd breytir bráðabirgðasamþykkt, skal með samþykktina með áorðnum breytingum farið sem nýtt frumvarp væri, enda fellur þá bráðabirgðasamþykktin úr gildi. Bráðabirgðasamþykkt fellur og þegar niður, ef sýslunefnd synjar samþykkis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hefða.

Gjört á Amaliuborg, 29. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

L Ö G

118

29. des.

um breyting á lögum nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir orðið „bankaábyrgð“ í 3. tölul. 2. gr. laganna komi: bakábyrgð.

2. gr.

Í stað „6%“ í 3. gr. laganna komi: 5%.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka einnig til lána þeirra, er þegar hafa verið veitt úr byggingasjóðum samkvæmt l. nr. 71 frá 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 29. desember 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.